

Járnarusl sem tekur oft á sig skemmtileg form

Neðan við bæjarskrifstofurnar á Egilsstöðum standa tæplega tvö hundruð gamlir bílar sem bjargað hefur verið frá glötun. **Steinunn Ásmundsdóttir** fór og kannaði Véltækisafn Valdimars Benediktssonar.

Valdimar Benediktsson hefur verið forfallinn bílaáhugamaður frá blautu barnsbeini, er fæddur og uppalinn á Vopnafirði og vélvirki frá lðnskólanum í Reykjavík. '57 kom hann austur með símaflokki, kynntist konu sinni Eddu Sigfúsdóttur á Egilsstöðum og hefur búið þar síðan. Valdimar stofnaði verktakafyrirtækið Véltækni árið 1970 og var með töluverð umsvif næstu tvo áratugina. Var m.a. með vinnuflokk í fjögur ár í Lagarfossvirkjun og í framhaldinu í Mjólkársvirkjun II.

Hann byggði 500 fermetra vélsmiðju á Egilsstöðum í kringum 1978 og hún, ásamt 7.000 fermetra lóð umhverfis, hefur nú

að geyma gamla bíla og aðrar minjar Véltækisafnsins. Bílarnir standa í löngum röðum umhverfis vélsmiðjuna. Þeim er tegundaraðað að einhverju leyti, sumir eru verulega hrumir, aðrir nokkuð vel útlítandi. Innandyra verður vart þverfótað fyrir tækjum og tólum, bátum, svífnökkva, kveikjuþrófunarapparati, mótörhjólum, vindmyllum og úti í glugga trónar hið eilífa Möwe-reiðhjól ásamt gömlum fjarskiptatækjum og fýrlömpum.



[]

Bílasagan í myllurnar

Valdimar segist hafa byrjað fyrir alvöru að safna bílum þegar kom fram undir 1990. "Ég byrjaði alltof seint. Það var búið að hreinsa svo vel til víðast hvar á Austurlandi þegar ég byrja. Stundum fer hrollur um mig þegar ég hugsa um það sem búið er að grafa á þeim tíma sem ég hef verið að gefa bílum auga."

Valdimar segist reyna að koma í veg fyrir að öll bílasagan verði grafin. "Mér finnst að við megum gjarnan eiga sýnishorn á nokkrum stöðum á landinu af því sem var notað á öldinni sem leið. Auðvitað þarf ekki að varðveita meira en sýnishorn, en ef við ætlum að fá eitt gott þurfum við að eiga helst ekki minna en þrjú gömul eintök til að ná einu góðu."

Valdimar segist fréttu af bílum hingað og þangað á ferðum sínum. Þá sé áhugamannahópur um varðveislu gamalla bíla duglegur að láta hann vita af eintökum sem hann þá kaupir eða fær að hirða og menn komi jafnvel og gefi honum gamla bíla.

"Sá síðasti sem kom var Strandamaðurinn sterki, Hreinn Halldórsson kúluvarpari," segir Valdimar. "Hann kom keyrandi á Volvóinum sínum, svissaði af honum og sagði gjörðu svo vel. Þetta hafa reyndar margir gert og eru dauðfegnir því að bílarnir skuli ekki fara í myllurnar eða ofan í jörðina."

Valdimar segir eigendasögu bílanna oft ekki síður merkilega en ökutækjanna og að hún gefi þeim gildi. Hann nefnir Gísla Jónatansson á Fáskrúðsfirði, bræðurna í Beinárgerði, þá Gunnar og Óskar Benediktssyni, og Jón Ómar Halldórsson Hraundal sem helstu gefendur bifreiða í safnið.

Þrotlaus vinna og fjárútlát

Valdimar er alltaf að dytta að bílunum en segir það óendanlegt verk. Um leið og búið sé að gera einn upp og hann farinn út á plan byrji sá að gamlast aftur og sagan endurtaki sig. Erlendis séu safnbílar ekki settir út nema dagstund og helst aðeins við hátíðleg tækifæri. "Raunverulega á enginn bíll að standa úti við nema þegar hann er á keyrslu. Það er nú samt

ekki lenska hér þó norðarlega sé og rýsjótt veður að geyma bíla í upphituðum skúrum. Það fer allt mögulegt annað þangað inn; garðsláttuvélar og skíði, útivistarfatnaður og hrífur. Fljótsdalshérað er þó líklega besti staður á Íslandi til að varðveita bíla og járnvörur almennt, það ryðgar mjög mikið minna hér en annars staðar."

Valdimar segist mundu vilja sjá safnið dafna á þann hátt að bílarnir yrðu gerðir almennilega upp, komið í hús og hafðir þar til sýnis á aðgengilegan hátt fyrir almenning. Það sé hins vegar ekki á sínu valdi, því slíkt kosti óhemju fjármagn og tíma.

"Feðgarnir á Ysta-Felli í Köldukinn, þeir Ingólfur og Sverrir, eru frumkvöðlar í að bjarga gömlum bílum á Íslandi" segir Valdimar. "Þeir fengu ofurlítinn ríkisstyrk til að byggja hús yfir verðmætustu bílana og þá sem þegar hafa verið fullgerðir upp, en að öðru leyti er þetta þeirra einkaframtak og hefur kostað þrotlausa vinnu og peninga. Ingólfur heitinn og Sverrir hafa verið lærimeistarar þeirra okkar sem fást við þetta í landinu.

Ég er sjálfur í þeim sporum með Véltækisafnið að sjá ekki fram úr þessu verkefni, en staðreyndin er þó sú að fyrsta skrefið er að bjarga bílunum undan eyðingaröflunum og svo koma vonandi einhverjir duglegir og góðir menn og taka við safninu af mér síðar." Valdimar tekur fram að Véltækisafnið hafi engra styrkja notið til þessa. "Það er kannski ekki við því að búast að Íslendingar ráði við nema í mjög smáum stíl að gera upp bíla. Það kostar ekki undir 5 til 10 og upp í 20 milljónir að gera upp einn gamlan bíl."

Amerísku bílarnir bestir

Valdimar þvertækur alveg fyrir að eiga sér einhver uppáhaldseintök í bílaflotanum.

"Mér þykir nú ekki vænt um þetta sérstaklega, enda bara járnarusl sem tekur oft á sig skemmtilegt form. Ég hef alltaf haft bíladellu og stundum átt góða bíla. Cadillac er kannski toppurinn. Ég átti einu sinni Rambler Marlyn sportbíl og seinna Ford Thunderbird. Mig langar auðvitað alltaf til að eignast alvöru amerískan bíl aftur. Þeir eru lítið á boðstólum hér og minn síðasti, sem ég kalla nú alvörubíl, var Ford Thunderbird '78 árgærd, afmælisútgáfa þegar Ford var 75 ára. Það var fullkominn eðalvagn. Ég seldi hann þó vegna þess að ég varð eiginlega alltaf að vera einn í honum, fjölskyldan vildi ekki fara með því það urðu allir bílveikir í honum. Hann var svo mjúkur og stór. En ég sé óendanlega mikið eftir öllum mínum amerísku bílum. Á þó núna tvo sparibíla. Annar varð löggiltur fornbíll á þessu ári, Ford Pickup, árgærd '78. Hann er aðeins notaður einu sinni á ári, um verslunarmannahelgina í öræfaferð. Það er búið að keyra hann 48 þúsund km á þessum 25 árum. Hinn er AMC Eagle, '82 árgærd, keyrður 80 þúsund km. Báðir þessir bílar eru nánast eins og nýir."

Valdimar keyrir núna japanskan jeppa dags daglega og segist skammast sín svolítið fyrir það.

Forðist eftirlíkingar

"Bílar eru framleiddir í Ameríku, forðist eftirlíkingar! Þar með talið Benz og allt þetta dót. Ég er harður á þessu. Amerískir bílar hafa almennilega vél, sem ekki er algengt í Evrópubílum, hvað þá japönskum. Þetta eru smámyllur sem hvorki heyrist í né finnst fyrir að séu mótórar. Bílarnir eru þröngir, litlir og ljótir. Það vantar húddið á Benzana, enda hafa þeir ekkert við húdd að gera því það er engin vél undir því. Þýsku bílarnir eru að vísu vel reiknaðir tæknilega og hafa vel smíðað boddí og þar verð ég að viðurkenna að þeir skáka Amerikanum, því hann er mikið fyrir útlitið og kraftinn. Auðvitað hafa margar þjóðir framleitt frábæra vagna, t.d. Bretar og Fransmenn, sem hafa þó aldrei lifað af, nema kannski Rolls Royce sem er mjög vandaður bíll og lifir jú enn, en það er varla hægt að flokka hann með almenningsbílum."

Valdimar fer hörðum orðum um það sem hann kallar einnotastefnu bílaidnaðarins nú á dögum. "Bílarnir eiga að vera vel útlítandi en það hvarflar að manni að ekki sé hugsað mikið um gæði og þaðan af síður um að þægilegt sé að gera við bílinn og reka hann. Viðgerðir í nútímabílum eru orðnar þannig að oft þarf að rífa frá sér í mun lengri tíma en tekur að gera við hlutinn sem er bilaður. Síðan er búið að fylla nýja bíla af óþörfu tölvudrasli sem kemur lítið sem ekkert til góða fyrir bíleigandann."

Finna gamla vini á planinu

Töluvert af fólki skoðar Véltækisafnið, einkum að sumarlagi, en aðgangur að því er ókeypis og slagorð safnsins "Skoðið án þess að skemma". Valdimar segist stundum hitta menn sem verða bergnumdir af einhverjum ákveðnum bíl. Hann nefnir dæmi um mann sem fann á planinu við Véltækni bíl sem hann hafði átt og ekið ríflega þrjátíu árum fyrr. "Auðvitað gaf ég manninum bílinn," segir Valdimar kíminn. Hann á nú eitthvað um 20 bíla ósótta hér og hvar á landinu, segist halda

Ótrauður áfram að bjarga menningarsögulegum verðmætum fortíðarinnar meðan áhuginn varir og kraftarnir endast.
Verkefnið sýnist óendanlegt og sjálfsagt þarf sérstaka seiglu til.

steinunn@mbl.is